

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag stofnanareits – Kirkjubraut 39.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 1. desember 2020 breytingu á deiliskipulagi stofnanareits vegna Kirkjubrautar 39. Breytingin felst m.a. í að breyta húsinu úr hóteli í íbúðarhús með verslun og þjónustu á 1. hæð, bílgeymslur og geymslur í kjallara. Hámarksnýtingarhlutfall verður 1,9. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 11. janúar 2021.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2021